

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2009–2010

Rúnar Óli Karlsson
Pálína Þórisdóttir
Sveinn Brynjólfsson

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2009–2010

Rúnar Óli Karlsson, Veðurstofu Íslands
Pálína Þórisdóttir, Veðurstofu Íslands
Sveinn Brynjólfsson, Veðurstofu Íslands

Lykilsíða

Skýrsla nr.: VÍ 2012-016	Dags.: Desember 2012	ISSN: 1670-8261	Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2009–2010		Upplag: 43 Fjöldi síðna: 68	
		Framkvæmdastjóri sviðs: Theódór F. Hervarsson	
Höfundar: Rúnar Óli Karlsson, Pálína Þórisdóttir og Sveinn Brynjólfsson		Verkefnisstjóri: Harpa Grímsdóttir	
		Verknúmer: 4351-0-0001	
Gerð skýrslu/verkstig:		Málsnúmer: 2012-14	
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: Veturinn 2009–2010 var fremur snjóléttur mestan hluta vetrarins, sérstaklega á Vestfjörðum en líka á Austfjörðum. Í ofanflóðagagnasafn Veðurstofunnar er skráð 391 færsla þennan vetur og þar af rúmlega 330 snjóflóðafærslur. Flóðin eru töluvert fleiri vegna þess að stundum eru mörg flóð í sömu skráningunni. Ekkert manntjón varð í þessum flóðum en nokkrum sinnum skall hurð nærri hælum. Aldrei þurfti að grípa til rýminga vegna snjóflóðahættu en nokkrum sinnum voru gefnar út viðvaranir til ferðafólks vegna snjóflóðahættu, aðallega um mánaðarmótin mars og apríl. Lítið sem ekkert fjárhagslegt tjón varð í snjóflóðum vetrarins, fyrir utan flóð sem féllu yfir vegi og snjóflóð skemmdi raflínu á Lágheiði. Eitt flóð olli tjóni á lyftumannvirkjum skíðasvæðisins á Siglufirði.			
Lykilorð: Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóða-aðstæður, snjóflóðasprenningar, snjódýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll.		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs: 	
		Undirskrift verkefnisstjóra: 	
		Yfirfarið af: HG, SG	

Efnisyfirlit

Töfluskra	6
Myndaskra	6
1. Inngangur	9
2. Tíðarfarsyfirlit: október – maí	9
3. Snjódýptarmælingar	10
4. Yfirlit um snjóflóð og vöktun snjóflóðahættu	12
4.1 Fólki í snjóflóðum	12
4.2 Helstu snjóflóð vetrarins	13
4.2.1 Snjóflóð á bæinn Garða í Reynishverfi 25. febrúar	13
4.2.2 Snjóflóð í Hestskarðshnjúki í Skútudal á Siglufirði 28. febrúar	15
4.2.3 Snjóflóð við Digrahnjúk á vestanverðum Flateyjardal 20. mars	16
4.2.4 Stórt flóð féll í Ósbrekkufjalli í Skeggjabrekkudal 5. apríl	18
4.2.5 Snjóflóð á Lágheiði 5. apríl	18
4.2.6 Stórt snjóflóð yfir skíðaleiðir í Skarðsdal, Siglufirði 5. apríl	19
4.2.7 Snjóflóð úr Krossgili í Dýrafirði 6. apríl	21
4.2.8 Sprengiflóð 7. apríl	22
4.2.9 Jökulhlaup í norðurhlíð Eyjafjallajökuls 15. apríl	24
4.3 Helstu hrínur vetrarins	26
4.3.1 Snjóflóð á Látraströnd og Sauðanesi 2.–3. desember	26
4.3.2 Blaut flóð í Hörgárdal og Öxnadal 3.–5. mars	26
4.3.3 Norðanverðir Vestfirðir 5. mars	26
4.3.4 Snjóflóð víða á Norðurlandi 2.–4. apríl	26
4.3.5 Norðanverðir Vestfirðir 4.–6. apríl	27
4.3.6 Neskaupstaður 28.–29. apríl	28
Heimildir	28
Viðauki I. Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða	29
Viðauki II. Skráð ofanflóð veturinn 2009–2010	37

Töfluskrá

Tafla 1. Óvissuástand og rýmingar veturinn 2009–2010.....	12
Tafla 2. Nokkrir veðurþættir mældir á sjálfvirkum veðurstöðvum í aðdraganda nokkurra snjóflóða.	35

Myndaskrá

Mynd 1. Snjódýpt í Seljalandshlíð	10
Mynd 2. Snjódýpt á Siglufirði.....	11
Mynd 3. Snjódýpt á Seyðisfirði.....	11
Mynd 4. Snjóflóð á bæinn Garða í Reynishverfi.....	14
Mynd 5. Horft upp flóðafarveginn fyrir ofan bæinn Garða í Reynishverfi.....	14
Mynd 6. Flóðið úr Hestskarðshnjúki.....	15
Mynd 7. Mikið brotstál var í efstu brúnum Hestskarðshnjúks.....	16
Mynd 8. Flóðið í Flateyjardal.....	17
Mynd 9. Vélsleðinn grafinn upp.....	17
Mynd 10. Snjóflóðið úr Ósbrekkufjalli í dalbotninum.....	18
Mynd 11. Snjóflóðið úr Hreppsendasúlum	19
Mynd 12. Útlínur tungunnar á flóðinu í Skarðsdal	20
Mynd 13. Illviðrishnjúkur. Upptök flóðsins ná yfir mjög stórt svæði.....	20
Mynd 14. Snjóflóðið úr Krossgili.....	21
Mynd 15. Ytri flóðtungan og húsin á Núpi	22
Mynd 16. Snjóflóð sprengt af stað.	23
Mynd 17. Annað snjóflóðið á fullri ferð.....	23
Mynd 18. Jökulshlaupið í Gígjökli neðarlega til vinstri á myndinni	24
Mynd 19. Jökulshlaupið í austanverðum Gígjökli.	25
Mynd 20. Bjarg sem féll úr jaðri Gígjökuls	25
Mynd 21. Hiti og úrkoma í Vestmannaeyjum 20.–25. febrúar 2010.....	29
Mynd 22. Vindhraði og vindátt í Vestmannaeyjum 20.–25. febrúar 2010	29
Mynd 23. Hiti og úrkoma á Siglufirði 23.–28. febrúar 2010	30
Mynd 24. Vindhraði og vindátt á Siglufirði 23.–28. febrúar 2010.....	30
Mynd 25. Hiti og úrkoma á Akureyri 23.–28. febrúar 2010	31

Mynd 26. Vindhraði og vindátt á Végeirsstöðum í Fnjóskadal 23.–28. febrúar 2010	31
Mynd 27. Hiti og úrkoma á Siglufirði 30.–4. apríl 2010.....	32
Mynd 28. Vindhraði og vindátt í Grímsey 30.–4. apríl 2010	32
Mynd 29. Hiti og úrkoma á Flateyri 1.–5. apríl 2010	33
Mynd 30. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 1.–5. apríl 2010	33
Mynd 31. Hiti og úrkoma í Bolungarvík 2.–7. apríl 2010.....	34
Mynd 32. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 2.–7. apríl 2010	34

1. Inngangur

Veturinn 2009–2010 var fremur snjóléttur mestan hluta vetrarins, sérstaklega á Vestfjörðum og Suðvesturhorninu en líka á Austfjörðum. Í ofanflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands (VÍ) eru skráðar rúmlega 300 færslur frá þessum vetri en flóðin eru töluvert fleiri vegna þess að stundum eru mörg flóð í sömu skráningu. Þess má geta til viðmiðunar að færslurnar eru rúmlega 330 frá vetrinum á undan og um 200 frá vetrinum 2010–2011. Einnig hafa snjóflóðagögn Vegagerðarinnar verið skráð í gagnasafn Veðurstofunnar. Alls voru mældar eða teiknaðar útlínur fyrir um 180 flóð í kortagrunn Veðurstofunnar frá þessum vetri.

Annáll þessi nær yfir skráð snjóflóð vetrarins og þær krapa- og aurskriður sem fréttist af um veturinn. Annállinn nær ekki yfir aurskriður sumarsins. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð.

Ekkert manntjón varð í þessum flóðum en nokkrum sinnum skall hurð nærri hælum. Aldrei þurfti að grípa til rýminga vegna snjóflóðahættu en nokkrum sinnum voru gefnar út viðvaranir til ferðafólks vegna snjóflóðahættu, aðallega um mánaðarmótin mars og apríl. Lítið sem ekkert fjárhagslegt tjón varð í snjóflóðum vetrarins fyrir utan flóð sem féllu yfir vegi. Eitt flóð olli tjóni á lyftumannvirki skíðasvæðisins á Siglufirði.

2. Tíðarfarsyfirlit: október – maí

Október. Hiti var í meðallagi um mikinn hluta landsins nema norðaustanlands þar sem hann var lítillaga undir því. Talsvert kuldakast gerði í upphafi mánaðarins með snjókomu um mikinn hluta landsins. Síðan hlýnaði og voru síðustu dagarnir sérlega hlýir ásamt nokkrum dögum um miðbik mánaðarins. Suðaustan- og austan illviðri gerði um landið sunnan- og vestanvert föstudaginn 9. með smávægilegu tjóni á vegum og mannvirkjum.

Nóvember. Mánuðurinn var fremur hlýr, sérstaklega við ströndina austan- og sunnanlands en kaldast á norðvestanverðu landinu. Vægt kuldakast var í upphafi mánaðarins en svo hlýnaði og var mjög hlýtt á landinu fram yfir miðjan mánuð. Þann 18. og 19. gerði kuldakast á norðanverðu landinu. Undir mánaðarlok kólnaði um allt land.

Desember. Tíðarfar í desember var hagstætt framan af mánuðinum. Úrkomusamt var norðanlands en lengst af var úrkoma lítil sunnanlands og vestan. Kalt var fyrsta dag mánaðarins en síðan var óvenjuhlytt í veðri fram til þess 18. Afgangur mánaðarins einkenndist af kulda og stillum. Þó var illviðri og snjóflóðahætta um norðvestanvert landið á aðfangadag. Foktjón varð austanlands og í Vestmannaeyjum dagana 19. og 20.

Janúar. Kalt var í upphafi mánaðarins, en síðan voru lengst af óvenjuleg hlýindi. Sérlega hægviðrasamt var í mánuðinum. Óvenju snjólétt var um mikinn hluta landsins þótt snjófyrningar frá óvenjulega snjóþungum fyrra mánuði hafi verið talsverðar fram eftir mánuðinum um norðanvert landið. Nánast ekkert snjóaði á Vestfjörðum í mánuðinum.

Febrúar. Fyrstu tvær vikur mánaðarins máttu heita einn samfelldur góðviðriskafli með litlum snjó um allt land. Lengst af var hlýtt á landinu en frost þó allmikið dag og dag inn til landsins.

Síðari hluta mánaðarins var vetrartíð, talsvert snjóaði, fyrst um landið norðaustan- og austanvert, en allra síðustu dagana einnig á Suður- og Vesturlandi og urðu þá nokkrar truflanir á samgöngum.


Mars. Í mars var hlýtt í veðri og hiti ofan meðallags um land allt. Síðustu daga mánaðarins gerði kuldakast og inn til landsins var mjög kalt. Mjög snjólétt var sunnanlands og á Vestfjörðum en töluvert snjóaði undir lok mánaðarins, sérstaklega á Norðurlandi.

Apríl. Óveður gekk yfir landið fyrstu daga mánaðarins með mikill hríð á Norðurlandi og norðanverðum Vestfjörðum og lokuðu snjóflóð vegum víða í báðum landshlutum. Annars var veður að mestu leyti ágætt í mánuðinum og úrkoma langt undir meðaltali.


Mai. Mánuðurinn var hlýr, hægviðrasamur og fremur þurr. Kuldar voru þó til ama á norðaustur- og austurhluta landsins um tíma og einnig í útsveitum norðanlands og á Ströndum.

3. Snjódýptarmælingar


Að neðan eru þrjú snjódýptargröf frá mismunandi landshlutum sem gefa góða mynd af snjósöfnun vetrarins. Um er að ræða lóðrétta snjódýpt á stikum sem komið er fyrir ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Snjór fór að safnast í fjöll á norðanverðum Vestfjörðum í lok október og bætti töluvert í snjó það sem eftir lifði árs. Fyrir norðan og austan var veturinn aðeins seinna á ferðinni og má segja að snjó hafi tekið að festa upp úr miðjum nóvember. Snjósöfnun í janúar var víðast fremur lítil og dró jafnvel úr snjódýpt. Um miðjan febrúar var snjór að mestu horfinn en þegar leið á mánuðinn og fram í mars jókst snjódýpt umtalsvert og náði hámarki í lok mánaðarins eða byrjun apríl.



Mynd 1. Snjódýpt í Seljalandshlíð. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 2. Snjódýpt á Siglufirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 3. Snjódýpt á Seyðisfirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.

4. Yfirlit um snjóflóð og vöktun snjóflóðahættu

Þennan vetur var tekið upp nýtt vaktafyrirkomulag á snjóflóðavaktinni. Í sparnaðarskyni var öllum bakvöktum vaktmanna sagt upp sem undanfarin ár hefur verið sett á 15. október og tekin af 15. apríl. Nýja fyrirkomulagið gerir ráð fyrir að vaktmenn sinni vaktstörfum einungis á vinnutíma en hefðbundin vakt er sett á ef snjódýpt eða veðurútlit gefa tilefni til.

Snjóflóð ollu litlum vandræðum þennan vetur. Snjóflóð á Vestfjörðum voru óvenju fá og einungis einu sinni þurfti að loka vegum um Óshlíð og Súðavíkurhlíð. Helstu tíðindi vetrarins eru af Norðurlandi með töluverðum truflunum á samgöngum.

Snjóflóð byrjuðu að falla í lok nóvember sem er óvenju seint. Í byrjun desember féll töluvert af flóðum í Fjörðum er mikil úrkoma gekk yfir Norðurland með N-NA strekkingi. Eins lokuðu flóð veginum um Ólafsfjarðarmúla 2.–3. desember. Norðanáhlaup gerði á Vestfjörðum og Norðurlandi um jólin og féllu þá nokkur snjóflóð sem og í hlákunni í byrjun janúar. Tíðindalítið var seinni hluta janúar fram í miðjan febrúar, þegar fór að ganga á með norðan hríðarveðri á Norðurlandi og flóð tóku að falla í Ólafsfjarðarmúlanum, Siglufirði og í nágrenni Dalvíkur. Í mars féllu líka nokkur snjóflóð á Norðurlandi úr hefðbundnum snjóflóðafarvegum. Fyrstu dagana í apríl fór loks að snjóa á norðanverðum Vestfjörðum og óhætt að segja að hýrnað hafi yfir skíðafólki sem loksins komst á skíði í Tungudal. Snjóflóð féllu á nokkrum stöðum í Bolungarvík og Ísafirði. Mikla hríð gerði líka norðanlands í lok mars og byrjun apríl með snjóflóðum. Ólafsfjarðarvegur var lokaður frá kvöldi föstudagsins langa, fram undir hádegi á páskadag vegna óveðurs og mikilla snjóflóða yfir veginn. Fimm flóðanna fóru í sjó fram og var eitt þeirra 230 m breitt á veginum.

Nokkuð var um snjóflóð á skíðasvæðum þennan vetur. Í Hlíðarfjalli féllu flóð nokkrum sinnum yfir skíðaleiðir. Maður grófst þar í flóði en náði að losa sig sjálfur. Í Skarðsdal á Siglufirði féll stórt flóð úr Illviðrishnjúki þvert yfir skíðaleið og braut glugga á lyftuhúsi svokallaðrar T-lyftu. Í Tungudal á Ísafirði féllu tvö flóð; annað þeirra á þekktum flóðastað en hitt ofan við sneiðing sem skíðafólk notar til að renna sér inn dalinn.

Aðeins einu sinni var lýst yfir óvissuástandi þennan vetur og var það á norðanverðum Vestfjörðum. Fyrstu dagana í apríl voru þrisvar sinnum gefnar út viðvaranir til ferðafólks vegna snjóflóðahættu. Aldrei þurfti að rýma hús.

Tafla 1. Óvissuástand og rýmingar veturinn 2009–2010.

Staður	Sett	Aflýst	Tegund
Nv. Vestfirðir	24.12.2009 17:12	25.12.2009 11:36	Óvissuástand

4.1 Fólk í snjóflóðum

Sem betur fer ollu snjóflóð fáum slysum á fólki þennan vetur. Má þar helst þakka lítilli snjódýpt framan af vetri. Litlu mátti þó muna í nokkrum tilfellum og vélsleðamaður ökklabrotnaði í snjóflóði í Digrahnjúki í Flateyjardal. Í ofanflóðagagnasafn Veðurstofunnar eru einungis skráð snjóflóð af mannavöldum í mars og apríl.

Snjóflóð féll á skíðasvæðinu í Skarðsdal þann 1. mars, úr Kletthahnjúki vestan við T-lyftuna. Snjótroðari lenti í flóðinu og fór snjór inn um opinn glugga án þess að tjón hlytist af.

Skíðamaður kom snjóflóði af stað í Bláfjöllum 3. mars en hann náði að skíða út úr því. Hér má nefna að einungis var opið í fimm daga í Bláfjöllum á þessum vetri vegna snjóleysis.

Vélsleðamenn voru á ferð í Fjörðum fyrstu helgina í mars. Þegar þeir komu upp að vatnaskilum Blæjudals og Keflavíkur heyrðist mikill hvinur og öll brekkan þar sem þeir komu upp hreinsaði sig niður í flekahlaupi. Í sömu andrá hljóp einnig brekkan hinum megin vatnaskila, þ.e. ofan í Keflavík. Ekki er ólíklegt að sleðamenn hafi þarna náð að brjóta veikt lag á vatnaskilunum þar sem grynna var niður á það en í brekkunni sjálfri. Víst er að þarna voru þeir heppnir að lenda ekki í mjög stóru snjóflóði.

Snjóflóð hreif með sér skíðamann í norðanverðum Mannshrygg í Hlíðarfjalli 14. mars en hann komst sjálfur út úr flóðinu. Flóðið var um 30 metra breitt og stöðvaðist neðarlega í brekkunni.

Vélsleðamaður grófst í snjóflóði við Digrahnjúk á vestanverðum Flateyjardal 20. mars. Hann náði að stinga hendinni upp úr flóðinu og var fljótt bjargað af félögum sínum. Þarna mátti ekki tæpara standa en maðurinn átti erfitt með að anda í snjónum og ökklabrotnaði.

Snjóflóð féll á skíðasvæðinu í Tungudal á Ísafirði 3. apríl er æfingakrakkar voru að skíða utanbrautar og rann á hælana á þeim.

Maður lenti í litlu snjóflóði í Reithólunum í Hlíðarfjalli. Einungis önnur höndin stóð upp úr og náði hann að losa sig af sjálfsdáðum.

Þann 4. apríl féllu þrjú lítil flóð á Seyðisfirði. Tvö voru af völdum vélsleða rétt utan við skíðaleiðir. Þriðja flóðið féll innan skíðasvæðis þar sem þrír drengir hoppuðu af hengju sem rann af stað.

Vélsleðamaður kom af stað snjóflóði við Lambeyrarskarð við Eskifjörð 4. apríl. Búið var að gefa út viðvörun vegna ótryggra snjóalaga.

Þann 16. apríl kom skíðamaður af stað frekar litlu snjóflóði í Bæjarfjalli utan og ofan Dalvíkur og barst ekki teljandi vegalengd með því.

4.2 Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Það getur verið misjafnt eftir árum hvaða flóð eru metin markverð. Það getur verið vegna óvenjulegrar staðsetningar, tjóns á fólki eða munum, stærð ofl. Veðuraðdraganda snjóflóðanna er lýst í viðauka I.

4.2.1 Snjóflóð á bæinn Garða í Reynishverfi 25. febrúar

Snjóflóð féll úr Reynisfjalli 25. febrúar ofan við bæinn Garða í Reynishverfi. Mjög mikið hafði snjóað og skafið í austanátt í kringum Vík og hafði snjóflóðavakt verið í sambandi við lögreglu og tengilið vaktarinnar í Vík, Grétar Einarsson. Um kl. 16 hafði Grétar samband og tilkynnti um snjóflóðið. Í kjölfarið var lögreglunni sendur listi yfir bæi þar sem þurfti að vara fólk við snjóflóðahættu og huga að rýmingum á sumum þeirra. Flóðið á Garða stöðvaðist á íbúðarhúsinu og hreyfði dráttarvél og heyvinnuvélar en olli engu tjóni. Girðingar skemmdust á 100 metra kafla. Fleiri flóð féllu í Reynishverfi í þessu veðri en ekkert féll á íbúðarhús sem mörg hver standa alveg við brekkuræturnar.



Mynd 4. Snjóflóð á bæinn Garða í Reynishverfi. Skafið hafði að mestu yfir ummerkin en greinilega sést hvar flóðið stöðvaðist á húsinu.



Mynd 5. Horft upp flóðafarveginn fyrir ofan bæinn Garða í Reynishverfi.

Helstu stærðir

Dagsetning: 25. febrúar 2010
Staður: Reynisfjall í Reynishverfi
Upptakahæð: 160 m
Stöðvunarhæð: 10 m

Meðalbreidd tungu: 100 m
Stærðarflokkur: 2,5
Tegund: Þurrt flekahlaup
Flóð nr. 984

4.2.2 Snjóflóð í Hestskarðshnjúki í Skútudal á Siglufirði 28. febrúar

Þann 28. febrúar féll stórt flóð í Hestskarðshnjúki í Skútudal á Siglufirði. Snjóflóðið féll á dælustöð hitaveitunnar og tók loftnet og ljósamastur af dæluhúsi. Fleiri flóð féllu í Skútudal og nágrenni um þetta leyti. Meðal annars féll snjóflóð á veginn norðan við gangnamunnann í Héðinsfjarðargöngum. Á milli gangnamunnans og hitaveituholanna sem eru innar í dalnum var annað flóð og náði það töluvert upp í hlíðina í Hólshyrnu og yfir Skútuána. Enn eitt flóðið féll 3. mars úr Hólshyrnu á milli borholu 7 og 10 í Skútudal. Flóðið náði ekki að dæluhúsunum en loftþrýstingur frá því olli þó skemmdum á dyraumbúnaði.



Mynd 6. Flóðið úr Hestskarðshnjúki.



Mynd 7. Mikið brotstál var í efstu brúnum Hestskarðshnjúks.

Helstu stærðir

Dagsetning: 28. febrúar 2010

Staður: Hestskarðshnjúkur, Skútudal

Upptakahæð: 778 m

Stöðvunarhæð: 50 m

Meðalbreidd tungu: 145 m

Stærðarflokkur: 3

Tegund: Þurrt flekahlaup

Flóð nr. 2371

4.2.3 Snjóflóð við Digrahnjúk á vestanverðum Flateyjardal 20. mars

Vélsleðamaður grófst í snjóflóði við Digrahnjúk í vestanverðum Flateyjardal þann 20. mars. Hann var að spyrna upp eina brekkuna og var kominn upp undir hengju í brúninni þegar snjóþekjan brast. Ákvað ökumaðurinn að botna sleðann niður brekkuna í von um að ná niður á flatann á undan flóðinu. Það tókst ekki og fór hann á kaf í flóðið og barðist við að halda sér á yfirborðinu. Þegar flóðið stöðvaðist var önnur hendi hans á yfirborðinu og komu félagar hans honum fljótt til bjargar. Maðurinn reyndist ökklabrotinn. Vélsleði hans grófst einnig að hluta um 30 metrum neðan við hann.

A-NA átt var ríkjandi dagana á undan, nokkuð hvöss í Grímsey þann 19.3 og að morgni 20.3 var leiðindaveður í Fnjóskadal. Það birti upp með hægviðri og sólarglætu, snjór var lítill við sjávarmál en púðursnjór í fjallatoppum í um 900 m hæð. Uppsöfnuð 5 daga úrkoma á Þverá í Dalsmynni var 57 mm en snjódýpt þar jókst lítið.



Mynd 8. Flóðið í Flateyjardal (ljósmynd: Tryggvi Pálsson).



Mynd 9. Vélsleðinn grafinn upp (ljósmynd: Tryggvi Pálsson).

Helstu stærðir

Dagsetning: 20. mars 2010
Staður: Digrihnjúkur í Flateyjardal
Upptakahæð: 900 m
Stöðvunarhæð: 800 m

Meðalbreidd tungu: 100 m
Stærðarflokkur: 2,5
Tegund: Þurrt flekahlaup
Flóð nr. 968

4.2.4 Stórt flóð féll í Ósbrekkufjalli í Skeggjabrekkudal 5. apríl

Mjög stórt flóð féll í Ósbrekkufjalli í Skeggjabrekkudal 5. apríl. Keppni í göngu á Skíðalandsmóti Íslands fór fram í dalnum helgina áður og var snjóflóðavaktin á varðbergi vegna þess. Flóðið fór nærri skúrum sem settir voru upp vegna mótsins. Gilið hreinsaði sig alveg og var flóðtungan tröllsleg á láglandi; 2,5–3,5 m á þykkt og um 350 m breið á keilunni undir gilinu. Flóðið fór yfir veg og um 200 m yfir ána og talsvert upp í hlíðina á móti. Snjóeftirlitsmaður Veðurstofunnar á Ólafsfirði segir sagnir af álíka flóði um miðja síðustu öld.



Mynd 10. Snjóflóðið úr Ósbrekkufjalli í dalbotninum. Ruðningarnir á veginum sjást greinilega.

Helstu stærðir

Dagsetning: 5. apríl 2010

Staður: Ósbrekkufjall í Skeggjabrekkudal

Stöðvunarhæð: 120 m

Meðalbreidd tungu: 350 m

Stærðarflokkur: 3

Tegund: Þurrt flekahlaup

Flóð nr. 513

4.2.5 Snjóflóð á Lágheiði 5. apríl

Snjóflóð skemmdi raflínu á Lágheiði, líklega 5. apríl. Það féll úr Hreppsendasúlum niður á heiðina og yfir veginn. Flóðið braut tvo raflínustaura og var 3ja metra þykkt á veginum. Mjög óvenjulegt er að svo stór flóð falli á þessum slóðum.



Mynd 11. Snjóflóðið úr Hreppsendasúlum. Á myndinni má greina háspennulínuna sem skemmdist.

Helstu stærðir

Dagsetning: 5. apríl 2010

Staður: Hreppsendasúlur á Lágheiði

Upptakahæð: 1000 m

Stöðvunarhæð: 350 m

Meðalbreidd tungu: 160 m

Tegund: Þurrt flekahlaup

Flóð nr. 964

4.2.6 Stórt snjóflóð yfir skíðaleiðir í Skarðsdal, Siglufirði 5. apríl

Stórt snjóflóð féll úr Illviðrishnúki 5. apríl og yfir skíðaleiðir á skíðasvæðinu í Skarðsdal, Siglufirði. Upptök flóðsins voru í efstu brúnum hnjúksins og var það mjög breitt. Afmarkaðist flóðið af Skarðsdalshryggjum að norðanverðu og af Þvergili sem er rétt sunnan og vestan við drifstöð T-lyftu. Flóðið náði inn á skíðaleið og braut glugga í lyftuhúsi T-lyftu. Flóðtungan sveigði niður fyrir drifstöðina niður í gilið í botni dalsins. Búið var að troða ofan á flóðinu þegar snjóathugunarmaður kom á staðinn svo erfitt var að átta sig á því hvort tungan náði niður fyrir næst efsta mastur á barnalyftu en sú lyfta og T-lyfta ná saman á þessum stað. Flóðtungan náði ekki inn á troðna skíðaleið norðan við barnalyftu en skíðafólk rennir sér oft eftir hlíðinni norðan við lyftuna. Flóðtungan var víðast mjög þunn en ofar í flóðinu var meiri snjódýpt.

Engar heimildir voru áður til um svona stórt flóð úr Illviðrishnúki. Starfsfólk Veðurstofunnar hefur haft áhyggjur af því að stór flóð geti orðið á þessum stað og er þetta flóð staðfesting á því.

Þess má geta að þann 1. mars, eða um mánuði fyrr, féll flóð í Skarðsdal, sunnan við T-lyftuna. Snjótroðari lenti í flóðinu án þess að tjón hlytist af.

Árið 1995 féll flóð á lyftuhúsið og drifbúnaðinn á barnalyftunni og var lyftan þá stytta, þ.e. neðri endinn færður ofar.



Mynd 12. Útlínur tungunnar á flóðinu í Skarðsdal. Lyftuhúsið sést ofarlega til hægri, rétt innan teiknuðu línunnar.



Mynd 13. Illviðrishnjúkur. Upptök flóðsins ná yfir mjög stórt svæði. Á myndinni sést svokölluð bungulyfta og lýsing vinstra megin við hana.

Helstu stærðir

Dagsetning: 5. apríl 2010
Staður: Illviðrishnjúkur í Skarðsdal
Upptakahæð: 840 m
Stöðvunarhæð: 245 m

Meðalbreidd tungu: 530 m
Stærðarflokkur: 4
Tegund: Þurrt flekahlaup
Flóð nr. 2375

4.2.7 Snjóflóð úr Krossgili í Dýrafirði 6. apríl

Snjóflóð féll úr Krossgili fyrir ofan Núp í Dýrafirði þann 6. apríl og stöðvaðist í um 150 metra fjarlægð frá þjóðveginum og 200 metra fjarlægð frá kirkjunni. Minniháttar skemmdir urðu á girðingu ofan gamla þjóðvegarins á um 100 metra kafla. Snjóflóðinu má skipta í tvennt, annarsvegar þurrt flekaflóð og hinsvegar blautt flóð. Ómögulegt er að segja til um hvort að þetta séu tveir atburðir eða einn, þar sem að búið var að skafa vel yfir flóðið þegar það var mælt. Báðir hlutar flóðsins voru kögglaríkir. Blauti hluti flóðsins féll sitthvoru megin aurkeilunnar og stöðvaðist eins og áður sagði, um 200 metra frá kirkjunni. Þess má geta að stórt snjóflóð féll úr sama gili 4. apríl á síðasta ári. Í gagnasafn Veðurstofunnar eru skráð 13 flóð úr Krossgili og eru sum þeirra mjög stór. Þann 16. janúar 1995 eyðilagði snjóflóð hús sem stóð innan við kirkjuna á Núpi.



Mynd 14. Snjóflóðið úr Krossgili. Bláa línan markar gamla þjóðvegin sem flóðið fór yfir.



Mynd 15. Ytri flóðtungan og húsin á Núpi.

Helstu stærðir

Dagsetning: 6. apríl 2010

Staður: Krossgil ofan Núps í Dýrafirði

Upptakahæð: 700 m

Stöðvunarhæð: 50 m

Meðalbreidd tungu: 145 m

Stærðarflokkur: 4

Tegund: Blandað

Flóð nr. 3775

4.2.8 Sprengiflóð 7. apríl

Sprengiverkefni Snjóflóðaseturs Veðurstofunnar á Ísafirði hélt áfram þennan vetur. Markmið verkefnisins er annars vegar að kanna með hvaða hætti best er að sprengja niður snjóflóð við íslenskar aðstæður og hvort hægt sé að nota þá aðferð við að draga úr hættu vegna snjóflóða. Hinsvegar er markmiðið að setja af stað stór flóð í vísindaskyni þannig að hægt sé að mæla ýmsa eiginleika þeirra.

Þann 7. apríl var sprengt í nágrenni Bolungarvíkur. Notast var við 75 kg hleðslu af dínamíti í sitthvort gilið, fjórar aðskildar sprengjur í hvoru gili. Eitthvað af sprengjunum sprungu ekki. Má þar helst kenna um lélegu tíðarfari og því að þegar farið var með dínamítið á staðinn þurfti að grafa langt niður á fast. Snjórinn hefur síðan skriðið fram og líklega slitið hvellhettuvírana. Snjódypt var mun minni en í tilraunum undanfarinna ára en páskahretið helgina á undan skilaði samt töluverðu af nýjum snjó í gilin. Tókst að koma af stað flóðum í báðum giljum en það þurfti að sprengja tvisvar í öðru gilin. Einnig voru sprengdar yfirborðsprengjur í nálægum giljum sem skiluðu ekki árangri.



Mynd 16. Snjóflóð sprengt af stað.



Mynd 17. Annað snjóflóðið á fullri ferð.

Helstu stærðir fyrra flóðsins

Dagsetning: 7. apríl 2010
Upptakahæð: 525 m
Stöðvunarhæð: 70 m

Meðalbreidd tungu: 90
Stærðarflokkur: 3
Tegund: Þurrt flekahlaup
Flóð nr.: 8846

Helstu stærðir seinna flóðsins

Dagsetning: 7. apríl 2010
Upptakahæð: 510 m
Stöðvunarhæð: 70 m

Meðalbreidd tungu: 80 m
Stærðarflokkur: 2,5
Tegund: Þurrt flekahlaup
Flóð nr.: 8847


4.2.9 Jökulhlaup í norðurhlíð Eyjafjallajökuls 15. apríl

Eldgosið í Eyjafjallajökli sem hófst 14. apríl 2010 orsakaði mikið íshlaup í austanverðum Gígjökli. Hlaupið olli flóði í Markarfljóti og vatnshæð jókst um rúmlega tvo metra á innan við 20 mínútum að kvöldi 15. apríl. Á leiðinni náði flóðaldan um eða yfir 20 km hraða á klukkustund.



Mynd 18. Jökulíshlaupið í Gígjökli neðarlega til vinstri. Stóra bjargið sem getið er að neðan, sést greinilega í lengst til vinstri í tungunni (ljósmynd: Matthew J Roberts).

Þann 23. maí lauk öskugosinu og fóru nokkrir starfsmenn VÍ að kanna hlaupið. Þetta reyndist vera nokkur hundruð þúsund rúmmetra jökulíshlaup, þ.e. tungan er að mestu ískurl og hjarn sem er blandað gjósku, sandi og urð. Neðan við tunguna var stórt bjarg sem borist hafði með henni og ofan á henni mikið af minna grjóti. Tungan var um 500 m löng og um 100 m breið. Þykktin virtist víða um eða yfir 5 metrar. Upptök flóðsins voru nokkuð hátt uppi í hlíðinni þar sem halli jökulsins er meiri.



Mynd 19. Jökulshlaupið í austanverðum Gígjökli.



Mynd 20. Bjarg sem féll úr jaðri Gígjökuls er um 16 m á hæð, rúmmálið um 2000 m³ (ljósmynd: Matthew J Roberts).

Helstu stærðir

Dagsetning: 15. apríl 2010
 Upptakahæð: 630 m
 Stöðvunarhæð: 230 m

Meðalbreidd tungu: 100 m
 Stærðarflokkur: 5
 Tegund: Jökulshlaup

4.3 Helstu hrinur vetrarins

Í gagnagrunni Veðurstofunnar eru skilgreindar hrinur snjóflóða þegar ástæða þykir til. Hrina er skilgreind sem mörg snjóflóð sem falla á stuttu tímabili (mest nokkrir dagar) og yfirleitt í sama landshluta eða svæði. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir nokkrum hrinum þennan vetur, helstu flóðum, veðrinu sem ríkti og annað sem markvert er að nefna. Hrinur vetrarins 2009–2010 voru frekar litlar og ollu ekki stórkostlegum vandræðum eins og rýmingu íbúðarhúsnæðis eða alvarlegu tjóni.

4.3.1 Snjóflóð á Látraströnd og Sauðanesi 2.–3. desember

Nokkuð stór snjóflóð féllu á Látraströnd og nokkur í Sauðanesi við Dalvík. Átta snjóflóð féllu á Látraströnd og fóru sum þeirra í sjó fram. Þrjú flóð lokuðu Ólafsfjarðarvegi. N-NA strekkingur og úrkoma var í Ólafsfirði fyrstu dagana í desember og um 30 mm féllu á 12 tímum. Hiti á láglandi var á bilinu 1,5–2 gráður.

4.3.2 Blaut flóð í Hörgárdal og Öxnadal 3.–5. mars

Að minnsta kosti 27 blaut snjóflóð féllu frá Fagraskógi inn í dalbotna Hörgár- og Öxnadals. Meirihluti þeirra var af stærðinni 2–3 og hin minni spýjur.

Eitt af þessum flóðum féll fyrir ofan gistihúsið í Engimýri með brotstál upp undir brún og hefur fallið eftir gildragi niður undir flatann ofan veitingahússins. Ekki hafa áður verið skráð flóð á þessum stað.

Mjög hlýtt var um mestallt land fyrstu dagana í mars og hífandi SV-rok og hláka var norðanlands en úrkomulítið. Úrkoma á Auðnum í Öxnadal mældist aðeins 3,1 mm á tímabilinu 3.–8. mars en 6 mm á sjálfvirkri veðurstöð í Ólafsfirði.

Eins féllu í þessari hrinu, fjögur snjóflóð í Hlíðarfjalli og nágrenni þess og vélsleðamenn komu af stað snjóflóði í Fjörðum.

4.3.3 Norðanverðir Vestfirðir 5. mars

Hvöss suðvestanátt með rigningu gekk yfir Vestfirði í byrjun mars. Hiti var á bilinu 3–8 stig. Blaut flóð og krapaflóð féllu í Hnífsdal, Eyrarhlíð og utan flugstöðvarinnar á Ísafirði. Þá lokuðu snjóflóð veginum í botni Súgandafjarðar, Bolungarvík og í Ísafirði í Ísafjarðardjúpi.

4.3.4 Snjóflóð víða á Norðurlandi 2.–4. apríl

Þann 2. apríl gaf gryfja úr Böggvisstaðafjalli til kynna brattan hitastigul og vindskafinn fleka í efstu lögum með íslögum á milli og köntuðum kristöllum. Góðkunningi snjóflóðavaktar horfði á þrjú flóð falla, m.a. eitt mjög stórt flóð í Upsadal. Sama dag var tekinn gryfja í Strengsgili á Siglufirði sem benti til góðrar bindingar.

Norðvestan stórhrið með gerði á Norðurlandi um kvöldið með 5–10 m/s í Grímsey og lokaðist Ólafsfjarðarvegur er þrjú flóð féllu yfir veginn og voru tveir bílar skildir eftir mannlausir á milli flóða.

Þann 4. apríl hélt áfram að snjóa og mældist 35 mm/32 klst í Ólafsfirði kl. 06 um morguninn og 10–18 m/s í Grímsey. Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli á Ólafsfirði og var í kjölfarið sett á

svokallað B-ástand á hesthúsin sem þýðir að einungis er leyfilegt að fara til gegninga en ekki dvelja á svæðinu lengur en þurfa þykir. Sama dag féllu nokkur snjóflóð á Upsaströndinni og tvö þeirra lokuðu vegi og eitt flóð lokaði veginum norðan Siglufjarðar á páskadag 4. apríl. Á sama tíma var vindur 10–18 m/s í Grímsey.

Þann 5. apríl féll stórt snjóflóð á skíðasvæðinu í Skarðsdal og braut glugga í lyftuhúsi svokallaðrar T-lyftu. Nánari lýsing á flóðinu er framar í annálnum. Tvö snjóflóð féllu úr brún Böggvisstaðafjalls ofan skíðasvæðisins á Dalvík. Brotstálið var 1–2 m en þau stöðvuðust bæði í brekkurótum efst á löngum stalli. Syðra flóðið hreif með sér eins dags gamla vélsleðaslóð en alengt er að vélsleðar og skíðafólk fari þarna um á leið upp á fjallið, sér í lagi um páska.

Leiðindaveður gerði á utanverðum Tröllaskaga að kvöldi 5. apríl með koldimmri bleytuhríð og hvassri NA-átt. Um miðnættið féllu tvö snjóflóð á Ólafsfjarðarveg. Björgunarsveitirnar á Dalvík og Ólafsfirði fengu útkall stuttu síðar til að aðstoða bíla á svæðinu en þá höfðu tveir bílar fest sig í snjóflóði. Einhverjir bílar voru skildir eftir á svæðinu um nóttina.

Snjóflóð skemmdi raflínu á Lágheiði, það féll úr Hreppsendasúlum niður á heiðina og yfir veginn. Flóðið braut tvo raflínustaura og var 3 m þykkt á veginum.

Mörg snjóflóð féllu yfir Ólafsfjarðarveg, Dalvíkurmegin, þar af fimm í sjó fram. Mokstursmaður Vegagerðarinnar sagðist ekki áður hafa séð svona stór snjóflóð á svæðinu.

NA 15 m/s í Grímsey aðfaranótt 6. apríl og um 9 mm úrkoma mæld á Ólafsfirði við frostmark. Um morguninn snérist vindur á Ólafsfirði úr N 15 m/s í SSV 5–10 m/s og hiti steig upp í 2°C milli kl. 06–11.

4.3.5 Norðanverðir Vestfirðir 4.–6. apríl

Fyrstu dagana í apríl féllu mörg snjóflóð á norðanverðum Vestfjörðum en aðfaranótt 5. apríl gerði storm sem stóð yfir í tæplega tvo daga. Almennur vindstyrkur var á bilinu 20–30 m/s í norðvestlægum áttum í byggð með snjókomu. Eftir þennan snarþa norðvestan byl, lögði og tók að hlýna. Vindur var lítill sem enginn en hiti náði í um 5°C á láglandi en hitastig hefur verið um og yfir 0°C í upptökum.

Snjóflóð féll í Skollahvilft líklega að kvöldi 4. apríl og markaði það upphaf hrinunnar og annað flóð féll aðfaranótt 5. apríl á Súðavíkurhlíð, úr gili rétt norðanmegin við gömlu byggðina og stöðvaðist 200 metrum ofan við hesthúsin.

Reynt var að opna Súðavíkurhlíð að morgni 6. apríl en hlíðinni var síðan formlega lokað kl. 7:30. Morguninn eftir var komið skaplegasta veður og reyndust um 20 flóð hafa fallið yfir veg á hlíðinni.

Í Syðridal og á Óshlíð féllu níu snjóflóð og þar af tvö af stærðinni 3,5. Öll flóðin voru þurr flekahlaup. Það hlýnaði í veðri þegar líða tók á vikuna og féllu þá nokkur blaut flóð í Erninum í Bolungarvík.

Eins ber að geta snjóflóðs sem féll úr Krossgili ofan við Núp í Dýrafirði þann 6. apríl. Það stöðvaðist í um 150 metra fjarlægð frá þjóðveginum og 200 metra fjarlægð frá kirkjunni. Minniháttar skemmdir urðu á girðingu ofan gamla þjóðvegarins á um 100 metra kafla. Flóðið var stórt og áhöld um hvort um var að ræða tvö flóð því það var blandað þurr flekaflóð og blautt flóð.

4.3.6 Neskaupstaður 28.–29. apríl

Dagana 28.–29. apríl snjóaði mikið á Austurlandi og féllu mörg snjóflóð í Neskaupstað.

Um 30 cm snjódýptaraukning var á mælinum í Drangagili á innan við sólarhring og uppsöfnuð úrkoma var um 50 mm í bænum. Töluvert stór snjóflóð féllu í Nesgili og Bakkagili en einnig féllu snjóflóð úr Ytri–Sultarbotnagjá, Mið–Bræðslugjá, Klofagili og Skágili. Þetta voru allt blaut flekahlaup sem féllu þegar hlýnaði og birti til eftir langvarandi kuldakafli.

Heimildir

Ofanflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Trausti Jónsson (2009). Tíðarfarsyfirlit 2009 og 2010. Sótt 23. 9. 2010 af

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2009> og


<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2010>

Snjóflóðavakt VÍ. *Upplýsingavefur Snjóflóðavaktar*. <http://snjobirta.vedur.is/blog/>


Tómas Jóhannesson (2010). Jökulhlaup í upphafi goss. Sótt 3.11.2010 af <http://vedur.is/um-vi/frettir/2010/nr/1909>

Viðauki I. Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða


Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða hefur verið skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Afar erfitt er að setja einhverja meðalvindátt á þriggja daga tímabil og jafnvel á síðasta sólarhringinn í aðdraganda flóðanna. Brugðið var á það ráð að nefna þær vindáttir sem mældust lengst af á tímabilinu. Slíka dreifingu vindáttar er vissulega best að setja fram með vindrósi en það verður ekki gert að sinni.




Mynd 21. Hiti og úrskoma í Vestmannaeyjum 20.–25. febrúar 2010 á þeim tíma sem flóð nr. 984 féll í Reynishverfi.




Mynd 22. Vindhraði og vindátt í Vestmannaeyjum 20.–25. febrúar 2010 á þeim tíma sem flóð nr. 984 féll í Reynishverfi.




Mynd 23. Hiti og úrkoma á Siglufirði 23.–28. febrúar 2010 á þeim tíma sem flóð nr. 2371 féll í Hestskarðshnjúki á Siglufirði.




Mynd 24. Vindhraði og vindátt á Siglufirði 23.–28. febrúar 2010 á þeim tíma sem flóð nr. 2371 féll í Hestskarðshnjúki á Siglufirði.




Mynd 25. Hiti og úrkoma á Akureyri 23.–28. febrúar 2010. Á þeim tíma féll flóð nr. 968 í Digrahnjúki í Flateyjardal og vélsleðamaður slasaðist.




Mynd 26. Vindhraði og vindátt á Végeirsstöðum í Fnjóskadal 23.–28. febrúar 2010. Á þeim tíma féll flóð nr. 968 í Digrahnjúki í Flateyjardal og vélsleðamaður slasaðist.




Mynd 27. Hiti og úrkoma á Siglufirði 30.–4. apríl 2010. Á þeim tíma féllu flóð nr. 2375 í Skarðsdal og skemmdi lyftumannvirki og flóð 513 í Ósbrekkufjalli á Ólafsfirði.




Mynd 28. Vindhraði og vindátt í Grímsey 30.–4. apríl 2010. Á þeim tíma féllu flóð nr. 2375 í Skarðsdal og skemmdi lyftumannvirki og flóð 513 í Ósbrekkufjalli á Ólafsfirði.




Mynd 29. Hiti og úrkoma á Flateyri 1.–5. apríl 2010. Á þeim tíma féll flóð nr. 3557 á Núpi í Dýrafirði.



Mynd 30. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 1.–5. apríl 2010. Á þeim tíma féll flóð nr. 3557 á Núpi í Dýrafirði.



Mynd 31. Hiti og úrkoma í Bolungarvík 2.–7. apríl 2010. Á þeim tíma féllu sprengiflóð nr. 8846 og 8847 í nágrenni Bolungarvíkur.



Mynd 32. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 2.–7. apríl 2010. Á þeim tíma féllu sprengiflóð nr. 8846 og 8847 í nágrenni Bolungarvíkur.

Tafla 2. Nokkrir veðurþættir mældir á sjálfvirkum veðurstöðvum í aðdraganda nokkurra snjóflóða þar sem r3 og r24 er uppsöfnuð úrkoma í þrjú daga annarsvegar og í 24 klst. hinsvegar. Þá er fa meðalvindur, fx er hámarksvindur, d er vindátt alla þrjú dagana en snd3 og snd24 er snjódýptarbreyting á sjálfvirkum mæli í þrjú daga annarsvegar og í 24 klst. hinsvegar. Fyrir flóð 232 og 13 er vindur notaður frá Grímsey, úrkoma á Ólafsfirði og snjódýpt í Tindaöxl. Fyrir flóð 3509–11 er vindur notaður frá Þverfjalli, úrkoma á Ísafirði en snjódýpt á Seljalandsdal. Fyrir flóð 209, 211–12 er vindur notaður frá Gagnheiði, úrkoma frá Neskaupstað en snjódýpt í Drangaskarði.

Flóð	r1	r3	r5	r00	h1	h3	h5	Hláka	f1	f3	d1v	d3v	d5v	snd1	snd3	snd5
984	3.9	3.9	3.9	5.9	-1	-2.2	-2	Nei	13.7	9.7	71.5	81.7	83	NA	NA	NA
2371	2.4	16.8	31	0	0.4	-3.6	-3.9	Nei	9.8	8.8	68.4	83.7	75	7.8	-2.8	-3.5
968	0	0.7	4.4	0	-0.2	1.3	1.6	Já	5.5	6.7	35.1	20.7	24	NA	NA	NA
2375	24.7	44	47.1	0.8	-0.1	-2.1	-3	Nei	9.4	12.3	61.6	23.2	4.4	13.8	8	5.8
513	8.5	41	48.4	0.2	-0.9	-2.5	-3.8	Nei	8.6	12.2	86.7	26.9	6.1	NA	NA	NA
3557	3.8	12.3	25.7	11.7	0	-0.5	-1.6	Nei	12.1	9.5	37.2	13.1	12	-0.5	10.3	39.8
8846	7.1	40.1	65.7	0.1	-0.1	-1	-1.3	Já	7.9	10.9	89	1.9	6.6	-2.2	38.3	41.2

Viðauki II. Skráð ofanflóð veturinn 2009–2010

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll flóð sem voru skráð í gagnasafn Veðurstofunnar veturinn 2009–2010. Listinn inniheldur ekki nema hluta flóða sem fallið hafa á vegakerfið því listinn er ekki samkeyrður við gagnasafn Vegagerðarinnar. Listinn inniheldur öll flóð á vegi sem Vegagerðin hefur tilkynnt til Veðurstofunnar. Eins mæla snjóathugunarmenn Veðurstofunnar stundum flóð sem falla á vegi í nágrenni við byggð. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnasafninu og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi, það er stundum stórt svæði ef staðsetning er óviss.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa endinguna „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir eftir kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/ dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhaus og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2009/2010

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Bláfjöll og nágrenni	3.3.2010	501	F/2	-/-/2	Skíðamaður kom snjóflóði af stað í Bláfjöllum og náði að skíða úr því óslasaður.
Hengill	23.3.2010	50008	G		Grjóthrun varð í Svínahlíð, ofan við þrjá sumarbústaði sem standa ofan vegar á Svínanesi.
Hengill	23.3.2010	50009	G		A.m.k. tveir steinar féllu úr Svínahlíð ofan við bátaskýli sem standa við vatnsborðið nyrst á Svínanesi og brutu sér leið inn í eitt bátaskýlið.
Hengill	3.2.2010	15499	G	-/0 ^v /0 ^v	Talsvert grjóthrun í Svínahlíð ofan við sumarhús við Þingvallavatn olli skemmdum.
Borgarfjörður					
Borgarfjörður	21.5.2010	15507	A	-/0 ^v /0 ^v	Aurskriða lokaði Uxahryggjarvegi.
Reykholasveit					
Reykjanes	22.5.2010	15508	G	-/0 ^v /0 ^v	Maður slasaðist þegar grjót hrundi á hann.
Arnarfjörður					
Arnarfjörður	10.12.2009	15303	G	-/0 ^v /0 ^v	Grjóthrun skemmdi sjónvarpsendurvarpshús.
Arnarfjörður	17.12.2009	15304	G	-/0 ^v /0 ^v	Grjóthrun undanfaran daga.
Arnarfjörður	17.12.2009	15485	G	-/0 ^v /0 ^v	Grjóthrun á veg í Arnarfirði.
Arnarfjörður	5.2.2010	15502	G	-/0 ^v /0 ^v	Grjóthrun nálægt Mjólkárvírkjun.
Dýrafjörður					
Lambadalshlíð	14.3.2010	412	K/2.5		Krapflóð féll yfir sumarveginn fyrir botni Dýrafjarðar.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Núpskál	6.4.2010	3557	S/4	1500/145/50	Snjóflóð féll úr Núpsgili og stöðvaðist í um 150 metra fjarlægð frá Þjóðveginum og 200 metra fjarlægð frá kirkjunni. Minniháttar skemmdir urðu á girðingu ofan gamla Þjóðvegarins á um 100 metra kafla.
Öndarfjörður					
Selabólsturð, undir Urðarskál	25.12.2009	8791	S		Snjóflóð féll á veginn við Selabólsturð.
Selabólsturð, undir Urðarskál	24.2.2010	505	F/3.5	-/80/-	Snjóflóð lokaði vegi við Selabólsturð.
Flateyri					
Skollahvilft	4.4.2010	3559	F/1.5	1125/120/-	Snjóflóð féll úr Skollahvilft og stöðvaðist rétt neðan við gilkjafth.
Ytra-Bæjargil	9.4.2010	3562	S/3	670/60/0.9	Snjóflóð féll úr Ytra-Bæjargili og náði rétt út úr gilkjafth og stöðvaðist vel fyrir ofan gamla veginn.
Útan Flateyrar	9.4.2010	3563	S/2.5	660/70/0.4	Snjóflóð féll úr gili utan við Ytra-Bæjargil og náði rétt út úr gilkjafthi og stöðvaðist vel fyrir ofan gamla veginn.
Ytra-Bæjargil	9.4.2010	3561	S/3	700/80/0.4	Snjóflóð féll úr Ytra-Bæjargili og náði rétt út úr gilkjafthi og stöðvaðist vel fyrir ofan gamla veginn.
Innra-Bæjargil	9.4.2010	3560	S/3.5	960/70/0.6	Snjóflóð féll úr Innra-Bæjargili, samsíða ytri hluta varnargarðsins og stöðvaðist rétt ofan við efsta hluta garðsins.
Súgandafjörður					
Súgandafjörður	8.2.2009	14993	G	-/0 ^v /0 ^v	Griðt hrundi á veginn undir Spilli.
Súgandafjörður	20.8.2009	15002	A	-/0 ^v /0 ^v	Skriða féll ofan við byggðina á Suðureyri.
Súgandafjörður	20.8.2009	15003	A	-/0 ^v /0 ^v	Skriða féll ofan byggðar á Suðureyri.
Súgandafjörður	20.8.2009	15004	A	-/5/0 ^v	Skriða féll innan við byggðina á Suðureyri.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Súgandafjörður norðanverður	28.2.2010	507	S/2.5		Snjóflóð féll úr Svarthamrahvilt í Súgandafirði.
Súgandafjörður	5.3.2010	510	K/1.5		Krapaspýja féll við vegskálann í Botnsdal Súgandafirði.
Bolungarvík					
Bolungarvík	6.8.2009	14998	A	-/0 ^v /0 ^v	Litlar aurskriður féllu ofan hesthúsa.
Bolungarvík, utan þéttbýlis					
Óshlíð	6.8.2009	14996	G	-/0 ^v /0 ^v	Grjótskriða lokaði Óshlíð og olli tjóni á vegi.
Óshlíð	6.8.2009	14997	G	-/0 ^v /0 ^v	Grjóthrun nærri vegavinnuönnunum á Óshlíð.
Óshlíð	15.12.2009	15484	G	-/0 ^v /0 ^v	Grjóthrun olli miklu tjóni á bifreið.
Hádegisfjall - gil nr.4	28.2.2010	8845	F/2.5	850/60/0.4	Snjóflóð féll úr gili 4 í Hádegisfjalli og stöðvaðist ofarlega í aurkeilunni.
Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar	28.2.2010	8840	F/3.5	989/200/0.7	Snjóflóð féll útarlega í nyrðri hlíð Skálavíkur og náði niður að vegi.
Hádegisfjall - gil nr.3	28.2.2010	8844	F/3	1100/100/0.4	Snjóflóð féll úr gili 3 í Hádegisfjalli og náði vel niður fyrir gilkjafnt.
Hádegisfjall - gil nr.1	28.2.2010	8842	F/3	1080/140/40	Snjóflóð féll úr Hádegisfjalli og náði vel niður undir Syðradalsvatn.
Hádegisfjall - gil nr.2	28.2.2010	8843	F/2.5	1000/52/0.4	Þurr flekallaup féll úr Hádegisfjalli úr gili 2 og stöðvaðist í um 45 m hæð yfir Syðridalsvatni.
Hádegisfjall - gil nr.5	2.3.2010	8841	F/3	1080/55/0.4	Snjóflóð féll úr gili 5 í Hádegisfjalli og náði vel út fyrir gilkjafnt.
Hesthúsagil	5.3.2010	509	S/1		Snjóflóðaspýja féll úr Hesthúsagili í hláku.
Óshlíð	14.3.2010	15489	A	-/0 ^v /0 ^v	Aurskriða féll á veginn um Óshlíð.
Gil innan Hesthúsagils	22.3.2010	50026	L/1.5	600/45/0.3	Snjóflóð féll í gilinu innan Hesthúsagils niður á miðja aurkeiluna.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Hesthúsagil	6.4.2010	8848	F/1.5	533/20/0.3	Lítið þurrt flekafloð féll úr Hesthúsagili og stöðvaðist 20 metrum fyrir ofan neðstu háspennulínu O.V.
Gil innan Hesthúsagils	6.4.2010	8849	F/2	622/35/0.4	Lítið þurrt flekahlauþ féll úr breiðhillu í Erni ofan hesthúsa og stöðvaðist rétt ofan við efstu háspennulínu O.V.
Tyrkjagil	6.4.2010	8850	F/3.5	688/75/0.7	Fremur þykkt og breitt snjófloð féll úr Tyrkjagili í Erni og stöðvaðist undir háspennulínu O.V.
Leynisgil	6.4.2010	8851	F/3.5	825/60/0.7	Snjófloð féll úr Leynisgili í Erni og náði vel niður undir háspennulínu O.V.
Gil ofan Orkubús	6.4.2010	8854	Fv/1	270/20/–	Vott flekahlauþ féll úr gili ofan við spennistöð Orkubúsins og stöðvaðist rétt neðan við gilkjafn.
Ósgil (Bæjargil við Ós)	6.4.2010	8852	F/1.5	430/25/0.3	Þurrt flekafloð féll úr Ósgili ofan munna Óshlíðarganga og stöðvaðist við girðingu sem stendur rétt neðan við gilkjafn.
Óshlíð	6.4.2010	514	S/2	–/30 ^v /1 ^v	Lítið snjófloð féll á Óshlíð úr gili 20 og lokaði vegi.
Óshlíð	6.4.2010	517	F/2	–/20 ^v /0.8 ^v	Snjófloð féll úr gili 18 á Óshlíð.
Óshlíð	6.4.2010	516	S/2	–/35 ^v /1 ^v	Snjófloð féll úr gili 8 á Óshlíð.
Sóleyjarhryggsgil, Innra-Sprengigil	7.4.2010	8846	F/3	765/90/0.6	Þurru flekafloði af stærð 3 var komið af stað með sprengingu í Sóleyjarhryggsgili (Innra-Sprengigili) í Skálavík.
Ytra-Sprengigil	7.4.2010	8847	F/2.5	610/40/1.2	Þurru flekafloði af stærð 2,5 var komið af stað með sprengingu í Ytra-Sprengigilinu.
Hesthúsagil	10.4.2010	8853	Fv/2	650/60/–	Fremur vott flekahlauþ féll úr Hesthúsagili og breiddi vel úr sér um aurkeiluna en stöðvaðist skammt frá girðingu ofan hesthúsa.
Múrhúsagil	10.4.2010	8855	Fv/1	140/18/–	Lítið og vott snjófloð féll úr Múrhúsagili og stöðvaðist ofarlega í aurkeilu neðan gilkjafns.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Tyrkjagil	10.4.2010	8856	Fv/2	600/80/-	Snjóflóð féll úr Tyrkjagili og stöðvaðist ofarlega í aurkeilu neðan gilkjafths.
Óshlíð	5.2010	15501	G	-/0 ^v /0 ^v	Grjóthrun í Óshlíð.
Óshlíð	5.5.2010	15504	G	-/0 ^v /0 ^v	Grjóthrun á Óshlíð.
Hnífsdalur					
Hnífsdalur	5.3.2010	3553	S/1		Snjóflóðaspýja féll í Traðargili.
Ísafjörður					
Gleiðarhjalli 13	6.7.2009	7776	A		Aurskriða féll úr norðurhluta Gleiðarhjalla og náði út í sjó. Þar sem mikið magn fínfnis fylgdi aurskriðunni náði hún að stífla afveitur sem varð til þess að það flæddi yfir veg, en ekki þurfti að loka vegi.
Eyrarhlíð	20.8.2009	15001	A	-/0 ^v /0 ^v	Skriða féll ofan byggðar á Ísafirði.
Eyrarhlíð	9.10.2009	15010	A	-/10 ^v /2 ^v	Skriða lokaði veginum til Hnífsdals.
Gleiðarhjalli	9.11.2009	50270	A/1		Smáskriður og grjóthrun úr Gleiðarhjalla sem stöðvuðu í miðri hlið.
Eyrarhlíð	2.12.2009	315	S/1	-/8 ^v /0.3 ^v	Lítið snjóflóð féll yfir Djúpveg 61-43 (Hnífsdalsveg) en lokaði honum ekki.
Innan flugstöðvar	6.12.2009	3550	S/3	-/90/0.75	Snjóflóð féll á Innri Kirkjubólshlíð, milli flugstöðvar og Funa. Ein rolla drapst og önnur fékk skurð á kviðinn.
Innan flugstöðvar	5.12.2009	3549	S/3.5	-/150/0.75	Allstórt snjóflóð féll ofan við Funa.
Utan flugstöðvar	5.3.2010	3551	S/1		Snjóflóðaspýjur féllu úr flestum giljum Kirkjubólshlíðar og náðu rétt út úr flestum gilkjöftum.
Eyrarhlíð 11	5.3.2010	3552	S/1.5		Snjóflóðaspýjur féllu úr tveimur giljum á Eyrarhlíð.
Utan Gullhólsgils	3.4.2010	3556	S/1.5		Lítið snjóflóð féll á Seljalandsdal frá Gullhólsgili og um það bil hálfa leið að Hrossaskál.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Tungudalsbotn	3.4.2010	3554	S/2.5	67/90/0.5	Skídamenn komu snjóflóði af stað í Tungudal á Ísafirði. Flekinn var 100 m breiður og 35 m langur og féll um 35 m niður hlífðina.
Tungudalsbotn	3.4.2010	3555	S/2	16/50/0.7	Snjóflóð féll niður á skíðaslóða í Tungudal og lokaði honum nánast alveg.
Sunnanvert Ísafjarðardjúp					
Sjötúnahlíð	20.8.2009	15000	G	-/0 ^v /0 ^v	Grjóthrun á veginn um Sjötúnahlíð.
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	27.11.2009	504	F/2		Snjóflóðaspýja féll á veg á Súðavíkurhlíð.
Ísafjörður í Ísafjarðardjúpi	5.3.2010	3564	K/2	-/80 ^v /-	Aurríkt krapaflóð féll úr vegskorningi í vesturhluta Ísafjarðar í Ísafjarðardjúpi og lokaði vegi um stund.
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	4/5.4.2010	3558	Fv/1.5	1125/30/-	Snjóflóð féll á Súðavíkurhlíð, úr gili rétt norðanmegin við gömlu byggðina og stöðvaðist 200 metrum ofan við hesthúsin.
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	6.4.2010	518	F/2		Snjóflóð féll á vegskáp við gil 2 á Súðavíkurhlíð.
